

Fundur í stjórn foreldrafélagsins 28. ágúst 2012

Mættir voru:

Erla Rán, Vaka, Sigríður, Berglind og Lilja

Aðalfundur:

Samkvæmt skóladagatali á aðalfundur foreldrafélagsins að vera 10. september. Umræður um að fresta fundinum til 25. september. Samþykkt.

Fjarmagn foreldrafélagsins:

Gjaldkeri gat ekki mætt og því ekki vitað hver innistæða foreldrafélagsins er. Sigríður tók að sér að kaupa nýtt samlokugrill. Vaka ætlar að ath. hvað skólanum/nemendum vantar svo hægt sé að kaupa fleira.

Skipulag skólans:

Umræður um hvort skólinn sé ekki fullur og hvort það sé endalaust pláss fyrir nemendur utan hverfis. Einnig rætt um skipulag húsnæðis. Hvort nægt rými sé fyrir þá sem þurfa að vera í litlum og „lokuðum“ hópum. Vaka ætlar að ræða þessi mál á skólaráðsfundi.

Kynningarfundir fyrir foreldra:

Hvað þarf að ræða á þessum fundum? Foreldrum finnst þurfa að vera skýrar ástæður fyrir því afhverju það er samkenntla árganga og kannski væri fínt að fá góðan rökstuðning. Flott að umsjónarkennarar ætli að hitta foreldrahópana – ekki heilu árgangana þar sem það myndist frekar samræðugrundvöllur þar sem færri eru.